

Umsögn um drög að frumvarpi um Hálandisþjóðgarð

Samtökin ÓFEIG náttúruvernd leggja áherslu á að tvennt verði að finna í lögum settum af Alþingi, eigi að stofna Hálandisþjóðgarð með lögum: (i) verndarsvæði (þjóðgarður) **stofnist** með gildistöku laganna, og (ii) markmið með stjórnun, þ.e. **verndarflokkun**, sé ákveðin í lögnum. Samtökin vara eindregið við því valdframsali Alþings sem núverandi frumvarpsdrög gera ráð fyrir og leggja hér fram breytta 1. gr.

Til skýringar dregur ÓFEIG fram fáeinar staðreyndir um núverandi frumvarpsdrög:

- ✓ Gildistaka laga um Hálandisþjóðgarð er ráðgerð 1. janúar 2021.
- ✓ Þjóðgarður eða annað verndarsvæði myndi þó alls ekki stofnast við gildistöku laganna.
- ✓ Engin ákvæði eru um tímafrest ráðherra til að ákveða hugsanlega friðlýsingu.
- ✓ Ráðherra yrði heimilt að friðlýsa tiltekið landsvæði á miðhálandinu sem þjóðgarð með reglugerð.
- ✓ Ráðherra yrði ekki skylt að friðlýsa neitt landsvæði á miðhálandinu (*“Í frumvarpinu er lagt til að sérstök lög verði sett um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu þar sem ráðherra er heimilað að friðlýsa tiltekið landsvæði á miðhálandinu sem þjóðgarð [...]”*)
- ✓ Engin ákvæði eru um verndarflokkun hugsanlegra friðlýsinga eða alþjóðlega vottun.
- ✓ Lögin myndu ekki fela í sér neins konar vernd óbyggðra víðerna.

ÓFEIG setur fram það sjónarmið að það sem lengi á að standa sé ákvarðað með lögum settum af Alþingi en ekki af framkvæmdarvaldinu. Vísa samtökin til [fyrri umsagnar](#) sinnar í desember, sem ekki virðist hafa fengið umfjöllun við samningu núverandi frumvarpsdraga, og þá tæpast heldur hinar 28 umsagnirnar er bærust um lagasetningaráformin, en frumvarpsdrögin voru kynnt strax að lokinni kynningu áformanna.

Með hliðsjón af víðfeðmum víðernum Íslands og lögum nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum er lagt til að 1. gr. laga um Hálandisþjóðgarð hljóði svo, og komi í stað 1. og 2. gr. í núverandi frumvarpsdrögum:

1. gr.

Hluti miðhálandis Íslands skal vera friðlýstur þjóðgarður.

Mörk Hálandisþjóðgarðs skulu miðast við þjóðlendumörk innan miðhálandislínu auk þeirra landsvæða á miðhálandinu og nágrenni þess sem þegar eru friðlýst við gildistöku laga þessarra. Undanskilin friðlýsingu eru svæði sem þegar hafa að geyma vatnsaflsvirkjanir, eða Þjórsár- og Tungnaársvæðið, Blöndusvæðið og Kárahnjúkasvæðið. Mörk Hálandisþjóðgarðs eru sýnd á uppdrætti í viðauka.

Svæðum Hálandisþjóðgarðs er skipt í kjarnasvæði og jaðarsvæði og eftir verndarmarkmiðum. Skulu þau vera: náttúruvé; Esjufjöll [...], óbyggð víðerni; [...], þjóðgarður; [...], landslagsverndarsvæði; [...], og verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda; [...] og skulu afmarkast eins og sýnt er í viðauka. Verndarmarkmið hvers svæðis skulu samrýmast verndarflokkum Alþjóðanáttúruverndarsambandsins og skal flokkunin alþjóðlega vottuð.¹

Ósjálfbær nýting er óheimil innan Hálandisþjóðgarðs. Þjóðlendur Hálandisþjóðgarðs má aldrei selja eða veðsetja og óheimilt er þar að veita leyfi til afnota andstaðra verndarmarkmiðum 3. mgr.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar ÓFEIGAR náttúruverndar,

Sif Konráðsdóttir

Snæbjörn Guðmundsson

¹ Verndarflokkar og -svæði í 3. mgr. verði afmörkuð í einum eða fleiri viðaukum við setningu laga um Hálandisþjóðgarð. Nauðsynlegar samhliða breytingar verði á efni 10., 11. og 13. gr. frumvarpsdraganna.